

Norðurland vestra, 5. nóvember 2025

**Efni:** Umsögn stjórnar SSNV um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða). Mál nr. S-219/2025.

Stjórn samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) fagnar því að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið hafi kynnt til samráðs drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, um heimild til stofnunar háskólasamstæðu.

Sérstaklega fagnar stjórn SSNV þeim möguleikum sem felast í háskólasamstæðu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum. Slík samsteypa gæti leitt til aukinnar fjölbreytni í rannsóknum og námi, aukið framboð námsleiða í tengslum við atvinnulíf á Norðurlandi vestra, fjölgun háskólanema á svæðinu auk eflingar fjarnáms, nýsköpunar og þverfræðilegs samstarfs við aðra háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf innan svæðis sem utan þess. Þá myndi hún einnig styrkja tengsl milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, ekki síst milli Norðurlands vestra og höfuðborgarsvæðis.

Stjórn fagnar því sérstaklega að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að Háskóli Íslands á Hólum verði efldur sem sérhæfður háskóli á landsbyggðinni. Það er jafnframt mjög jákvætt að gert sé ráð fyrir að höfuðstöðvar Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands flytjist í Skagafjörð, enda samrýmist það vel markmiðum um að styrkja rannsóknastarfsemi og háskólastarf utan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggji fjármagn til eflingar rannsóknasetra og þekkingarsetra samhliða uppbyggingu Háskóla Íslands á Hólum. Með því verður til öflugt þekkingarsamfélag á Norðurlandi vestra sem byggir undir seiglu svæðisins.

Stjórn telur brýnt að stjórnvöld tryggji fjármagn til uppbyggingar á Hólum og Sauðárkróki samhliða stofnun háskólasamstæðunnar. Sérstaklega þarf að byggja undir starfsemi Hestafræðideildar á Hólum og tryggja nauðsynlega aðstöðu fyrir kennslu, rannsóknir og starfsemi í lagareldi og sjávar- og ferskvatnslíffræði á Sauðárkróki. Háskólinn á Hólum sinnir námi sem byggir undir lykilatvinnugreinar á í íslensku samfélagi almennt – lagareldi, ferðaþjónustu í dreifbýli og íslenska hestinum. Námið krefst verklegrar kennslu og hátækni aðstöðu, og því er nauðsynlegt að stuðningur við innviði verði hluti af framgangi háskólasamstæðunnar. Með uppbyggingu almenns kennslu- og rannsóknahúsnæðis má auka verulega við námsleiðir sem byggja undir atvinnulíf á svæðinu.

Að lokum leggur stjórn SSNV ríka áherslu á að uppbygging aðstöðu á Hólum og Sauðárkróki verði samhliða stofnun Háskólasamstæðu Háskóla Íslands. Það er lykilforsenda þess að

markmið frumvarpsins um eflingu háskólastarfs á landsbyggðinni nái fram að ganga og að byggðalögin á Norðurlandi vestra njóti ávinnings af þessari mikilvægu þróun.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

A handwritten signature in blue ink that reads 'Sveinbjörg Rut Pétursdóttir'.

Sveinbjörg/Rut Pétursdóttir,  
Framkvæmdastjóri